







Leiðbeiningar fyrir RSA appið í Android

Til þess að nota RSA appið þá byrjar þú á því að fara í Play Store og leitar að „RSA SecurID Software token“, hleður því inn á símann þinn.



Opnar síðan appið og samþykkir skilmálana.



Nú er komið að innskráningu í netbanka fyrirtækja – nú notar þú aðeins notandanafn og lykilorð. Þegar þú ert kominn inn þá ert þú beðinn um að ákveða hvaða tegund af RSA þú ætlar að nota, plastlykil eða appið (iOS eða Android). Hér velur þú „Android lykill“.

 **Netbanki fyrirtækja** Útskráning

RSA-lyklar

Þar sem enginn RSA-lykill er virkur, þá biðjum við þig um að skrá nýjan.

Skrá nýjan RSA-auðkennislykil

Þú getur skráð hefðbundinn auðkennislykil úr plasti eða notað RSA-app í símanum þínum. Kjósir þú að nota app þarft þú fyrst að sækja það í Apple App Store (iPhone) eða Google Play (Android) og tengja svo lykil við það hér að neðan. Leita skal eftir „RSA SecurID Software Token“.

Að hámarki má skrá þrjá lykila á hverja kennitölu.

Plastlykill iOS lykill Android lykill

 **Þjónustuver**
410 4000

Landsbankinn hf. • Austurstræti 11 • Swift: NBIIIISRE • Kennitala: 471008 0280 • fbi@landsbankinn.is

Hér velur þú þér 4 tölustafa PIN númer. Þetta PIN númer notar þú þegar þú innskráir þig í netbanka fyrirtækja, á undan auðkenningarkóðanum sem appið birtir þér.


Tengja RSA-lykil við síma

Velja þarf 4 tölustafa persónulegt innsláttarnúmer (PIN) fyrir RSA-appið. PIN númerið er notað á undan 6 tölustafa kóða sem birtist í RSA-appinu þegar þú innskráir þig í netbanka fyrirtækja.


4 tölustafa PIN Endurtaka PIN

Áfram >>

Nú skannar þú QR kóðann með innbyggðum QR lesara í RSA appinu þínu:



Þegar appið hefur skannað inn QR kóðann koma upplýsingar um að það hafi gengið að setja inn RSA lykilinn, þú smellir á „OK“:



Nú skráir þú þig út úr netbanka fyrirtækja og inn aftur. Þú setur í „auðkennisnúmer“ 4 tölustafa PIN númerið sem þú valdir þér ásamt auðkenningarkóða appsins.